



ICELANDIC A1 – STANDARD LEVEL – PAPER 1
ISLANDAIS A1 – NIVEAU MOYEN – ÉPREUVE 1
ISLANDÉS A1 – NIVEL MEDIO – PRUEBA 1

Thursday 13 May 2010 (afternoon)
Jeudi 13 mai 2010 (après-midi)
Jueves 13 de mayo de 2010 (tarde)

1 hour 30 minutes / 1 heure 30 minutes / 1 hora 30 minutos

INSTRUCTIONS TO CANDIDATES

- Do not open this examination paper until instructed to do so.
- Write a commentary on one passage only. It is not compulsory for you to respond directly to the guiding questions provided. However, you may use them if you wish.

INSTRUCTIONS DESTINÉES AUX CANDIDATS

- N'ouvrez pas cette épreuve avant d'y être autorisé(e).
- Rédigez un commentaire sur un seul des passages. Le commentaire ne doit pas nécessairement répondre aux questions d'orientation fournies. Vous pouvez toutefois les utiliser si vous le désirez.

INSTRUCCIONES PARA LOS ALUMNOS

- No abra esta prueba hasta que se lo autoricen.
- Escriba un comentario sobre un solo fragmento. No es obligatorio responder directamente a las preguntas que se ofrecen a modo de guía. Sin embargo, puede usarlas si lo desea.

Fjallaðu um **annan** af eftirfarandi textum.

1.

- Auðvitað kom ég upphaflega suður til að athuga hvernig þetta væri eiginlega með Katrínu, hvort eitthvað væri að koma fyrir okkur. Samtölin hjá okkur voru farin að verða undarleg. Þegar hún var nýfarin hringdi hún næstum daglega og talaði með innibýrgðum ofsa sem ég hafði ekki heyrt áður í henni: Þetta var svo erfitt, hún saknaði mín svo, hún þurfti að láta halda utan um sig, komdu.
- 5 En svo fóru símtölin að strjálást og setningarnar líka, orðin voru þínd fram, ég heyrði ekki í málrómnum það sem ég leitaði að. Ég fór og spurði þessa hennar hvað væri að gerast, en hann sagði bara æjá og spennti greipar og losaði þær aftur, stóð dæsandi á fætur og sótti taflborðið. Hann átti engin önnur úrræði. Og loks fór ég suður án þess að láta hana vita, ég hringdi af flugvellinum. Ég sagði: Hæ – það var bjart, ég sagði það lágt, í því fólst: Ég er kominn, það er gott, ég er glaður,
- 10 þú líka. Hún sagði: Hæ – og líka lágt en það var skuggi í því, það var lokað – ég heyrði: Það er komið að því, ég verð að að vera dugleg, þú líka. Mig sundlaði þegar ég heyrði það, ég horfði niður eitthvert þverhnípi, ég var ekki tilbúinn, hvar var handrið?
- Ég sagði: Ég er kominn.
Hún sagði: Já.
- 15 Ég sagði: Ég var að lenda.
Hún sagði: Já.
Ég sagði: Er það ekki gaman?
Hún sagði: Egill...
- Ég sagði: Flugvélin ætlaði aldrei að fara af stað, flugstjórnarnir voru með einhverja stæla,
- 20 ég var alveg að verða vitlaus, það var blindfullur kall í sætinu við hliðina á mér sem svaf mestallan tímann en vaknaði af og til og gargaði: „Elsku drengurinn!“ – á ég að taka leigubíl?
- Hún sagði: Þú ert vitlaus.
Ég sagði: Ég tek þá bíl.
Hún sagði: Já.
- 25 Það var hlýja í því, það var handrið, ég hélt dauðahaldi í það, ég held ég hafi skjögrað út í leigubílinn sem flutti mig inn í Fossvoginn þar sem hún bjó með frænku sinni. Leigubílstjórinn sagði mér að hann hefði ekki sofið í þrjá sólarhringa. Hann var í íþróttabúningi og ruglaði samhengisleysu alla leiðina. Ég svaf í stofusófanum þá nótt og alla næstu viku meðan þær hjálpuðu mér að finna íbúð. Ég kom um nóttina inn til hennar, hún sat á rúmstokknum með hendur
- 30 í skauti og beið eftir mér. Ég settist hjá henni og bað hana að gefa mér tíma eða gefa mér séns, ég væri ekki tilbúinn. Hún var í röndóttum náttkjól sem ég hafði einu sinni gefið henni í jólagjöf. Hún var mild og ósveigjanleg. Hún var mjög falleg þar sem hún sat þétt upp við mig á rúmstokknum og sendi mig einan út í veröldina og útskýrði fyrir mér að við yrðum alltaf að vera sitt í hvoru lagi og ekki saman, en lyktin af henni var ekki sú sama og hafði verið, og þyt fuglanna – ég vissi það
- 35 ekki þá – þyt fuglanna geymir þú ekki í minningunni, því hann er aldrei samur yfir höfði þér frekar en himinninn, fuglar koma og þeir fara svo aftur og aðrir fuglar koma með þyt, en það er ekki réttur þytur, það er annar þytur, það er nýr þytur, það eru einhverjir aðrir fuglar, það er eitthvað allt annað.

Guðmundur Andri Thorsson, *Mín káta angist* (1988)

- Hvaða aðferðir notar höfundurinn til að draga upp mynd af stráknum og gefa til kynna hvernig honum líður í þessum kafla?
- Fjallaðu um hvernig höfundur notar tungumálið á ólíkan hátt í mismunandi hlutum kaflans.
- Ræddu mögulegar merkingar fuglanna í lokahluta kaflans.

2.

Sér grefur gröf...

Húsið sem við byggjum
er úr steini
það er steinhús.

5 Húsið sem við byggjum
er hlutabréf í hamingjunni
trygging gegn verðfalli
á hjónabandsælunni.

10 Húsið sem við byggjum
mun veita okkur skjól
fyrir veðrum
þaðan munum við horfa
á heiminn gegnum skráargat
og af því verður heimurinn
þröngur einsog skráargat.

15 Húsið sem við byggjum
er úr steini
þykkum steini.

Ingibjörg Haraldsdóttir, *Ljóð* (1991)

- Fjallaðu um hvernig titill ljóðsins varpar ljósi á túlkun þess.
- Hvað geturðu sagt um húsið sem tákn og orðaval skáldsins þegar það lýsir hvaða tilgangi það á að þjóna?
- Ræddu um afstöðu ljóðmælanda til framtíðarinnar út frá þeim viðhorfum sem koma fram í ljóðinu.